



SVAR

Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um sameiginlegt starf að stafrænni umbreytingu sveitarfélaga og ábendingavef Reykjavíkurborgar

Á fundi stafræns ráðs þann 8. febrúar 2023, var lögð fram að nýju svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sbr. 37. lið fundargerðar borgarráðs frá 19. janúar 2023:

Spurt er hver sé staðan á þeirri uppbyggingu tæknilegra innviða, þekkingaruppbyggingu, þróun sameiginlegra lausna og kaupum á lausnum, sem borgarráð samþykkti í janúar 2021, sbr. svar þjónustu- og nýsköpunarsviðs í 7. lið í fundargerð stafræns ráðs frá 11. janúar 2023. Hver er staðan á væntanlegum ábendingarvef sem þjónustu- og nýsköpunarsvið virðist vera að hefja smíði á? Er borgin í samstarfi við önnur sveitarfélög eða ríkið með slíkan vef?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 9. mars 2023.

Svar:

Spurt er hver sé staðan á þeirri uppbyggingu tæknilegra innviða, þekkingaruppbyggingu, þróun sameiginlegra lausna og kaupum á lausnum, sem borgarráð samþykkti í janúar 2021, sbr. svar þjónustu- og nýsköpunarsviðs í 7. lið í fundargerð stafræns ráðs frá 11. janúar 2023.

Með vísan í þær kynningar sem fram hafa farið í stafrænu ráði þá er staðan á uppbyggingu tæknilegra innviða, þekkingaruppbyggingu, þróun sameiginlegra lausna og kaupum á lausnum góð.

Hver er staðan á væntanlegum ábendingarvef sem þjónustu- og nýsköpunarsvið virðist vera að hefja smíði á? Er borgin í samstarfi við önnur sveitarfélög eða ríkið með slíkan vef?

Vísað er í kynningu á niðurstöðu greiningar á þörfum íbúa og starfsfólks Reykjavíkur er varða notkun á ábendingavef borgarinnar, sbr. 5. lið fundargerðar stafræns ráðs frá 11. janúar 2023. Reykjavíkurborg hefur einnig veitt öðrum sveitarfélögum aðgang að ábendingavefnum og þau hafa aðlagð hann að sínum þörfum, þótt ekki sé um formleg samstarf að ræða.



Reykjavíkurborg
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Arna Ýr Sævarsdóttir,
skrifstofustjóra þjónustu og umbreytinga